

Mosfellsbær
b.t. Kristins Pálssonar, skipulagsfulltrúa

Reykjavík, 25. febrúar 2025

Efni: Reykjavegur 36 - Fyrirspurn vegna viðbótar inn- og útkeyrslu inn á lóðina

Deiliskipulagi fyrir lóðina við Reykjaveg 36 hefur verið breytt vegna stækkunar á byggingarreit vegna stækkunar á byggingu. Umferð inn og út af lóðinni er í dag um eina innkeyrslu sem verður færð til norðvestur frá gildandi mæliblaðið. Það er í samræmi við samþykka aðaluppdrætti og eldri innkeyrslu verður lokað í þeirri framkvæmd.

Fyrirspurnin snýr að því að bæta við inn- og útkeyrslu austar frá Reykjavegi og bæta þannig umferðarflæði innan lóðarinnar og einnig inn og út af lóðinni. Umferð meðfram götuhlið byggingarinnar um norðaustur horn og bak við lóðina á austurhlið er snúin og þröng. Umferð vöruflutninga meðfram norðurhlið byggingarinnar skarast einnig við umferð starfsmenn sem leggja við norðurhlið lóðarinnar og ganga upp að byggingunni. Með viðbótar inn- og útkeyrslu verður einnig umferðaröryggi innan lóðarinnar bætt.

Óskað er eftir því að skipulagsnefnd Mosfellsbæjar fjalli um málið og tekin verði afstað til þess hvort heimilað verði að vinna breytingu á deiliskipulagi þar sem bætt er við inn- og útkeyrslu við Reykjaveg 36.



Hermann Georg Gunnlaugsson
landslagsarkitekt FÍLA

Teiknistofan Storð ehf
Laugavegi 178 – 105 Reykjavík

Fylgiskjöl með umsókn eru einn skýringaruppdráttur.

1. Skýringaruppdráttur sk-01 fyrir Reykjaveg 36, dags. 25. maí 2024.